

## GJALDSKRÁ

### fyrir sorphirðu og sorpeyðingu í Skagafirði.

#### 1. gr.

Árlegt gjald fyrir heimilisúrgang:  
Sorpgjald á íbúð kr. 98.500  
Sorpeyðingargjald, sumarbústaðir kr. 32.000/hús  
Sorpgjaldinu er ætlað að standa undir kostnaði við sorphirðu, sorpeyðingu og urðun sorps, ásamt kostnaði við rekstur endurvinnslu- og grenndarstöðva.  
Gjald þetta er innheimt samhliða fasteignagjöldum.

#### 2. gr.

Gjald fyrir eyðingu á dýrahæjum er innheimt af búfjáreigendum, sem eru með skráðan bústofn samkvæmt búfjárskýrslum Búnaðarstofu. Dýrahæin verða sótt til búfjáreigenda vikulega frá apríl til október og á tveggja vikna fresti frá nóvember til mars og komið í viðeigandi meðhöndlun.  
Gjald fyrir söfnun og förgun dýraleifa í Skagafirði verður sem hér segir á árinu 2023:

Búfjártegund	kr./grip
Sauðfé/geitfé	150
Nautgripir	900
Geldneyti/nautkálfar	500
Hross	600
Grísir	420
Hænsn	5
Loðdýr	10

Gjald fyrir söfnun og eyðingu á dýrahæjum miðast við meðaltalsafföll í hefðbundnum búrekstri. Ekki er ætlast til að býli með umfangsmikla sláturstarfsemi nýti þjónustuna fyrir sláturúrgang. Þeim aðilum ber að semja beint við þjónustuaðila um förgun á sláturúrgangi.

Fjöldi gjalddaga verða tíu. Gjöld sem ekki ná 1.000 kr. falla niður. Ef gjaldið nær ekki 15.000 kr. á gjaldanda, verður öll upphæðin innheimt á fyrsta gjalddaga.

#### 3. gr.

Móttökugjöld fyrir flokkaðan úrgang:

##### Rekstraraðilar:

Þeir greiða fyrir móttöku alls úrgangs, samkvæmt vigt/rúmmáli, að undanskildum þeim úrgangsflokkum sem bera úrvinnslu- eða skilagjald.

##### Almenningur:

Allir sem greiða sorpgjald eða sorpeyðingargjald fá árlega rafrænt klippikort sem inniheldur losun á 4 m<sup>3</sup> af gjaldskyldum úrgangi og gildir út árið. Til að komast inn á móttökustöðvar þurfa notendur að sýna klippikort. Einungis er klippt fyrir gjaldskyldan úrgang en ekki þegar tekið er á móti ógjaldskyldum úrgangi. Tilgangur klippikortsins er að flokkun verði markvissari og að kostnaður verði greiddur af þeim sem stofna til hans. Kortið veitir aðgang að svæðinu og því er nauðsynlegt að hafa klippikortið meðferðis þegar farið er á gámasvæðið hvort sem um gjaldskyldan eða ógjaldskyldan úrgang er að ræða. Hvert klipp er upp á 0,25 m<sup>3</sup> sem samsvarar 240 lítra heimilistunnu. Ef kortið dugir ekki út árið er hægt að kaupa aukakort sem inniheldur losun á 1 m<sup>3</sup> af gjaldskyldum úrgangi eða sem nemur fjórum klippum. Nýtt aukakort kostar 4.000 krónur og er ótímabundið.

Móttökugjöld fyrir einstaka efnisflokka.

Flokkur 1. Óflokkað í urðun:	kr./kg
Byggingarúrgangur, blandaður	25
Blandaður úrgangur í urðun	22

Timbur, málað/fúavarið	25
Múrbrot – flísar – postulín	2
Lífrænn úrgangur til urðunar	55
Asbest	60
Spilliefni	65
Áhættuflokkur skv. 1.–3. gr. reglugerðar nr. 820/2007.	
<i>Flokkur 2. Flokkað til endurnýtingar:</i>	kr./kg
Timbur, hreint (ekki málað/fúavarið)	16
Garðaúrgangur	0
Járn/málmar	0
Gler	0
Textíll	0
<i>Flokkur 3. Úrgangur sem ekki þarf að greiða fyrir:</i>	
Bylgjupappi	
Umbúðir úr sléttum pappa	
Dagblöð og tímarit	
Fernur	
Filmuplast	
Heyrúlluplast	
Stórsekkir	
Hjólbarðar	
Rafgeymar	
Rafhlöður	
Málning	
Önnur spilliefni	
<i>Flokkur 4. Lífræn efni beint til jarðgerðar:</i>	kr./kg
Kjöt og sláturúrgangur	30
Fiskúrgangur	30
Lífrænn heimilisúrgangur	55

## 4. gr.

Til tryggingar á greiðslu skv. gjaldskrá um sorphirðu og urðun í Skagafirði er lögveðsréttur í viðkomandi fasteign í tvö ár eftir gjalddaga. Öll verð í gjaldskránni eru án virðisaukaskatt.

## 5. gr.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt 10. gr. í samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Skagafirði nr. 302/2023. Gjaldskráin var samþykkt á fundi sveitarstjórnar Skagafjarðar 8. mars 2023 og öðlast gildi 1. apríl 2023 og fellur þá gjaldskrá sama efnis nr. 1626/2022 úr gildi.

*Sauðárkróki, 14. mars 2023.*

**Sigfús I. Sigfússon** sveitarstjóri.